Markaðspunktar í dag:


- Ríkið stækkar á laun

Ríkið stækkar á laun

Mikið var rætt um hagvöxt á árinu sem leið en nýjustu tölur benda til þess að á Íslandi hafi mælst vöxtur í vergri landsframleiðslu í fyrsta sinn frá hruni. Þó hefur verið tekist á um „styrk" þessa hagvaxtar, þar sem bent hefur verið á að e.t.v. séu þeir þættir sem drífa landið upp úr forinni, m.a. einkaneyslan, ekki sjálfbærir, og því þurfi að grípa til aðgerða á fleiri sviðum. Skoðanir eru skiptar meðal hagfræðinga hver sé rétta leiðin til að koma hjólum atvinnulífsins af stað á ný og þar með hagkerfinu í heild, en oft á tíðum er lögð áhersla á að ríkið styðji við hagkerfið með auknum útgjöldum (samneyslu eða tilfærslum) og þar með reki sig með halla. Íslenska ríkð hefur þó viljað draga úr hallarekstri sínum sem fyrst og stefnir að því að vera réttum megin við núllið á þessu ári. Þrátt fyrir að samneysla sem hlutfall af landsframleiðslu hafi lítið sem ekkert hreyfst frá hruni, og dregist saman að raungildi í krónum talið 2010 og 2011,er það ekki þar með sagt að hlutur ríkisins í hagkerfinu fari minnkandi. Gögn benda nefnilega til þess að veruleg aukning hafi orðið í tilfærslum ríkisins. Ólíkt samneyslu, sem er annað form af styrkveitingu ríksins til hagkerfisins, skapast engin verðmæti við útdeilingu tilfærslna. Spurning er því sú hvort ríkið eigi að snúa sér að verðmætasköpun með aukinni samneyslu (sem hefur keðjuverkandi áhrif líkt og tilfærslurnar) fremur en að færa til fé innan hagkerfisins í auknum mæli (í flestum tilfellum til að styðja við einkaneyslu), líkt og hefur átt sér stað á síðustu árum.


Aðgerðir ríkisins

Öllum er ljóst að gripið hefur verið til umfangsmikilla aðgerða til aðstoðar heimilum, m.a. með vaxtaniðurgreiðslum og sértækum skuldaaðlögunaraðgerðum. Því kemur ekki á óvart að tilfærslur í einu eða öðru formi til heimila og fyrirtækja hafi aukist. Hins vegar er mikilvægt að benda á að engin verðmætasköpun verður við útdeilingu tilfærslna. Tekjur eru einvörðungu færðar frá einum aðila til annars. Neysla þeirra sem fá tilfærslurnar í hendurnar aukast, en á móti minnkar neysla annarra, þ.e. neysla ríksins.




Heimild: Hagstofa Íslands og Greiningardeild Arion banka

Á mynd hér fyrir meðan má sjá hlutfall samneyslu og tilfærslna af landframleiðslu frá árinu 2004. Hlutfall samneyslu hefur lítið sem ekkert breyst frá og 2004, en að krónutölu (raungildi) náði samneysla hámarki árið 2008 og hefur farið minnkandi á ný síðan þá. Á sama tíma hefur orðið mikil aukning í tilfærslum ríkisins.



*Framleiðslustyrkir, fél. tilfærslur og tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög.
Heimild: Hagstofa Íslands

Hrun varð í einkaneyslu landsmanna samhliða samdrætti í landsframleiðslu, en hlutfall einkaneyslunnar af VLF hefur þó haldist í kringum 50% frá ársbyrjun 2009. Því er ljóst að heimilin hafa, þrátt fyrir minnkandi samneyslu og launatekjur, fengið fé í hendurnar sem hefur skilað sér í einkaneyslu.




Heimild: Hagstofa Íslands

Heimili fá ekki kaupmátt sinn frá aukinni framleiðslu – heldur auknum tilfærslum

Kaupmáttur er í dag svipaður og hann var árið 2003 og má sama segja um ráðstöfunartekjur heimilanna að raunvirði. Heimilin í landinu urðu fyrir miklum skelli í fjármálahruninu en einkaneyslan hefur þó smám saman verið að taka við sér. Ef tekjur heimilanna er skoðaðar á mynd hér fyrir neðan má sjá þá miklu breytingu sem hefur orðið í samsetningu ráðstöfunartekna þeirra. Eignatekjur hafa dregist verulega saman og minnkuðu launatekjur ennfremur talsvert árið 2009. Um 17% aukning varð þó í tilfærslum á milli ára árið 2009, en hluti tilfærslna af heildartekjum heimilanna hafði þá þegar farið hækkandi milli áranna 2007

og 2008.



Heimild: Hagstofa Íslands

Tilfærslur gera það að verkum að fjármagnið skilar sér beint til þeirra aðila sem þurfa á því að halda, og því ekki athugavert við að það verði aukning í slíkum færslum við upphaf kreppu. Þrjú og hálft ár er þó frá hruni og lítið hefur verið um fjárfestingu einkaaðila. Ljóst er að umfang ríkisútgjalda er ekki það eina sem skiptir máli þegar ríki styður við hagkerfi heldur einnig innbyrðisskipting slíkra útgjalda, í samneyslu eða tilfærslur.

Markaðspunktar Greiningardeildar Arion banka

Davíð Stefánsson	davidst@arionbanki.is	444-6965
Fannar Jónsson	fannar.jonsson@arionbanki.is	444-6962
Hallgrímur Björnsson	hallgrimur.bjornsson@arionbanki.is	444-6818
Kristrún Mjöll Frostadóttir	kristrun.frostadottir@arionbanki.is	444-6911
Þorbjörn Atli Sveinsson	thorbjorn.sveinsson@arionbanki.is	444-6973

Ábyrgðarmaður: Þorbjörn Atli Sveinsson

Fyrirvari

Þær skoðanir og spár sem hér koma fram eru byggðar á almennum upplýsingum sem Greiningardeild Arion banka hefur undir höndum þegar markaðspunktar eru ritaðir. Helstu heimildir eru ársskýrslur, afkomufundir og hluthafafundir auk annarra opinberra upplýsinga sem birst hafa í fjölmiðlum og á öðrum vettvangi. Upplýsingar í umfjöllun eru einungis birtar í upplýsingarskyni og þær ber ekki að skoða sem tilboð á einn eða annan hátt. Skoðanir og spár geta breyst án fyrirvara. Þrátt fyrir að þess sé sérstaklega gætt að upplýsingarnar séu réttar og nákvæmar þegar þær eru settar fram getur Arion banki, eða starfsmenn Arion banka ekki tekið ábyrgð á villum. Vinsamlegast hafið samband við markaðsviðskipti Arion banka eða ráðgjafa áður en gengið er frá viðskiptum sem byggja á þessum markaðspunktum. Arion banki hf. og starfsmenn félagsins taka ekki ábyrgð á því ef að gengi einstakra bréfa sem félagið mælir með kaupum á kunni að lækka og öfugt.

Arion banki, starfsmenn Arion banka, stjórnarmenn eða aðilar tengdir Arion banka kunna að eiga hagsmuna að gæta varðandi einstök félög sem greiningar, verðmatsskýrslur og annað útgáfuefni Greiningardeildar Arion banka lýtur að hverju sinni. Hagsmunir kunna að vera ýmsir t.d. sem hluthafar eða ráðgjafar í einstaka félögum, umsjónaraðilar útboða, viðskiptavaki útgefenda eða hagsmunir sem lúta að annarri veittri fjárfestingabankaþjónustu.

Athugasemdir, ábendingar og fyrirspurnir tengdar markaðspunktum sendist á netfangið

greiningardeild@arionbanki.is